



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Miðvikudagur, 31. Janúar, 2007

Ákvörðun nr. 3/2007

## Kaup Sparisjóðs Keflavíkur á afgreiðslu Landsbanka Íslands í Sandgerði

### 1.

Með bréfi dagsettu 13. nóvember 2006 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup Sparisjóðs Keflavíkur á afgreiðslu Landsbanka Íslands í Sandgerði. Bréfinu fylgdi samrunaskrá þar sem framsetningin miðaðist við viðauka í reglum nr. 880/2005 um tilkynningu um samruna. Samrunaskránni fylgdi afrit af kautilboði og kaupsamning aðila auk ýmissa annarra gagna. Á grundvelli upplýsinga sem fram koma í samrunaskránni er það mat Samkeppniseftirlitsins að kaup Sparisjóðs Keflavíkur á afgreiðslu Landsbankans í Sandgerði feli í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og fellur samruninn undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna þar sem veltuskilyrði eru metin uppfyllt.

### 2.

Sparisjóður Keflavíkur er sparisjóður í skilningi VIII. kafla laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Stofnfjáreigendur Sparisjóðs Keflavíkur eru á sjötta hundrað. Sparisjóður Keflavíkur rekur afgreiðslur í Keflavík, Njarðvík, Grindavík, Garði, og Vogum.

Landsbanki Íslands starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 2/1995 um hlutafélög auk þess sem um bankann gilda lög um fjármálafyrirtæki ásamt fleiri lögum. Í 3. gr. samþykktu Landsbankans kemur fram að tilgangur hans er starfræksla viðskiptabanka er hafi á hendi hvers kyns fjármálaþjónustu sem heimil er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.

### 3.



Fram kemur í samrunaskrá aðila að viðræður um hugsanlega yfirtöku hafi staðið yfir í nokkurn tíma með hléum eða allt frá fyrri hluta árs 2005. Kaupsamningur aðila um afgreiðslu Landsbankans í Sandgerði er dagsettur 16. febrúar 2006.

Í samrunaskrá aðila kemur fram að tilgangur kaupa Sparisjóðs Keflavíkur á afgreiðslunni hafi verið sá að hefja starfsemi í Sandgerði. Lengi hafi verið þrýst á Sparisjóðinn að hefja starfsemi í Sandgerði án þess að til þess hafi komið. Taldi Sparisjóðurinn skynsamlegt að kaupa afgreiðslu Landsbankans í þessu skyni. Fram kemur í samrunatilkynningunni að Landsbankann hafði dregið verulega úr starfsemi sinni í Sandgerði ásamt því sem fylgigögn með samrunatilkynningu benda til þess að sterklega hafi komið til greina af hálfu Landsbankans að loka afgreiðslunni.

Samruni aðila fer þannig fram að Sparisjóður Keflavíkur yfirtekur öll útlán, kröfur, tryggingar, ábyrgðir, innlán, ýmsar skuldir og annað sem tengist rekstri afgreiðslu Landsbankans í Sandgerði.

Með bréfi dagsettu 12. desember 2006 tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum að stofnunin hygðist taka samruna aðilar til frekari rannsóknar. Til viðbótar samrunaskránni hefur Samkeppniseftirlitið aflað ýmissa gagna í því skyni að meta áhrif samrunans.

#### 4.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í ákvæðinu segir einnig að taka beri tillit til þess að hvaða marki alþjóðleg samkeppni hafi áhrif og hvort markaðurinn sé opin eða aðgangur að honum hindraður. Þessi atriði eru í samkeppnisrétti í raun innifalin í mati á því hvort markaðsráðandi staða myndist eða styrkist. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrkleika að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skipti og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppnauta, viðskiptavina og neytenda.

Starfsemi Sparisjóðs Keflavíkur og umsvif eru að meginstefnu til á Suðurnesjum. Afgreiðslur sparisjóðsins ásamt þorra viðskiptavina hans eru staðsettir þar. Á Suðurnesjum starfrækja jafnframt Kaupþing, Landsbanki Íslands og Glitnir útibú. Þegar horft er til sterkrar samkeppnisstöðu þessara keppnauta Sparisjóðs Keflavíkur, sem lýsir sér meðal annars í umtalsverðum efnahagslegum styrkleika og breiðu vöruúrvali, smæðar afgreiðslunnar í Sandgerði og takmarkaðra áhrifa hennar í markaðshlutdeild Sparisjóðs Keflavíkur og aðstæðna að öðru leyti, telur Samkeppniseftirlitið ekki að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist þannig að samkeppni sé hindruð í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.

#### Ákvörðunarorð:



**„Með samningi Sparisjóðs Keflavíkur og Landsbanka Íslands um yfirtöku hins fyrrnefnda afgangslu hins síðarnefnda í Sandgerði felst samruni í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna þessa samruna.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson